

Samþykkt um gjald í Vinnudeilusjóð

Sjötta þing KÍ haldið 1.-4. apríl 2014 samþykkir að gjald í Vinnudeilusjóð KÍ fyrir kjörtímabilið 2014 til 2017 skuli vera 0,25% af föstum launum félagsmanna fyrir dagvinnu. Breytingin taki gildi frá og með 1. maí 2014. Þá gefur þingið stjórn KÍ heimild til að hækka gjaldið í Vinnudeilusjóð í allt að 0,5% af föstum launum félagsmanna ef aðstæður gefa tilefni til.

Greinargerð:

5. þing KÍ samþykkti að ekki yrði tekið upp sérstakt gjald í Vinnudeilusjóð en heimilaði stjórn sjóðsins og stjórn KÍ að taka upp allt að 0,5% gjaldtöku af föstum launum félagsmanna kæmi til vinnustöðvunar á kjörtímabilinu. Nú þegar hefur komið til vinnustöðvunar og mikil óvissa er með kjarasamninga allra aðildarfélaga KÍ. Í ljósi þess hve mikilvægur Vinnudeilusjóðurinn er leggur stjórn KÍ til að hafin verði gjaldtaka að nýju, en 0,25% gjald myndi þýða rúmlega kr. 100.000.000 tekjur fyrir sjóðinn árlega.